



Fundargerð sveitarstjórnar 19.mars 2020

Fundur nr. 37 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 19.mars 2020 í félagsheimilinu Miklagarði kl 14:00.

Mætt til fundar: Íris Grímsdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Teitur Helgason, Axel Örn Sveinbjörnsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sat fundinn Sara Elísabet Svansdóttir, starfandi sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

a. Hreppsráð 5.3

Lagt fram til kynningar.

b. Finnafjarðarhópur 6.3

Lagt fram til kynningar.

c. 879.fundur stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga 28.2

Lagt fram til kynningar.

2. Almenn mál

a. Kynning á umsóknum um möguleika á vindmyllugörðum í Vopnafjarðarhreppi

Lagt fram til kynningar.

b. Bygging leiguíbúða

Sveitarstjórn vísar verkefninu til hreppsráðs til áframhaldandi vinnu. Samþykkt samhljóða.

3. Bréf til sveitarstjórnar

a. Fremri Hlíð – beiðni um meðmæli sveitarfélags vegna kaupa ábúanda af ríkinu

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps mælir með því Valur Guðmundsson fái jörðina keypta og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu. Samþykkt samhljóða.

b. Beiðni um kórþalla

Sveitarstjórn tekur vel í málið og tekur undir það að kominn er tími á nýja kórþalla og vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2021. Samþykkt samhljóða.

c. Styrkbeiðni frá kórum

Sveitarstjórn vísar styrkbeiðninni til afgreiðslu í menningarmálanefnd. Samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla sveitarstjóra

Starfandi sveitarstjóri flutti munnlega skýrslu um verkefni frá 14.febrúar sl. og svaraði fyrirspurnum.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 15:56.